


Morgunblaðið/Þorkell

Mauricio Marques sem þrumuguðinn í sýningu Kramhússins á Raca.

og æft í þann mund að gestir gengu í salinn. Ekki hef ég trú á að Marques hafi haldið þessu viðbótaratriði í sýningunni, enda var það á skjön við allt annað.

Eftir hlé kom stórkostlegur sólódans Mauricios Marques. Rólegur, yfirvegaður og vel uppbyggður dans, sem var að sögn tákndans fyrir vatn, fullur af mýkt og dýrslegri spennu. Þarna kom greinilega fram, hve góður dansari Marques er og hve fullkomið vald hann hefur yfir hreyfingum sínum og dansi. Fjaðurmagn hans og langar línur drógu einmitt fram þennan eðlislæga mun, sem er á svörtum dönsurum og hvítum. Síðast á efnisskránni var *Mauculle,* sem hefur einnig þróast sem dans útfrá bardögum. Hver dansari dansar með tvö prik, sem tákna skulu sveðjur. Hér var mikið afl og orka á ferð. Dansinn byggði á ákveðinni hrynjandi, á sókn og vörn og því að ná höggstað á andstæðingi sínum, rétt eins og gengur og gerist í bardögum. Dansararnir stóðu sig vel og hafa greinilega numið töluvert af starfi sínu í danssmiðjunni í Kramhúsinu. Það er dönsurum nauðsyn að kynnast öllum straumum í dansinum, jafnt suður-amerískum og afrískum dönsum sem öðrum. Kramhúsið er í eðli sínu nokkurs konar grasrót í dansinum og allir vita, að ekkert þrífst án góðrar grasrótar.

Listahátíð í Hafnarfirði

Nigel Kennedy á tónleikum í Kaplakrika

NIGEL Kennedy leikur á lokatónleikum Listahátíðar í Hafnarfirði í kvöld, miðvikudaginn 30. júní, kl. 20.30.

Nigel Kennedy var nemandi Yehudi Manhuins og aðeins sjö ára gamall þegar hann fékk styrk til að nema við Tónlistarskóla Menuhins og þar var hann til sextán ára aldurs. Hann fór í tónleikaferð með Stephane Grappelli þegar hann var fimmtán ára, en sautján ára gamall hóf hann nám í Juilliard tónlistarskólanum í New York. Hann hætti þar eftir tveggja ára nám til að taka fjölmörgum tilboðum um tónleikahald.

Nigel Kennedy hefur valdið heilmiklum óróa í klassíska tónlistarlífinu í Bretlandi með klæðaburði sínum og framkomu. Það hefur farið fyrir brjóstið á ýmsum að hann skuli klæðast eins og pönkari eða rokkstjarna í stað þess að stíga á sviðið í kjólfötum eins og venja er til um klassíska tónlistarmenn og finnst sumum þetta „óþarfa ruddaskapur".

Geisladiskar með leik hans seljast í milljónum eintaka og hann er sagður hafa fengið fleira fólk til að hlusta á klassíska tónlist en áður tíðkaðist. Um hann hefur einnig verið sagt að hann brjóti niður múrana milli klassískrar tónlistar og rokks. Sjálfur segist hann frekar vilja orða það svo, að hann sé ekki að reisa múra en ef hann sé að brjóta niður múrana þá sé það öllum hollt.

Á tónleikunum í Kaplakrika er um helmingur efnisskrárinnar hans eigin tónlist en hinn helmingurinn byggist á tónlist Jimi Hendrix. Kennedy segir að þeir sem kunna að meta tónlist Vivaldis, Beethovens og Mozarts fái örugglega eitthvað við sitt hæfi, enda sækir hann tónlistarlegan bakgrunn sinn beint í smiðju gömlu meistaranna. Þeir sem kunna að meta tónlist Jimi Hendrix fái einnig eitthvað við sitt hæfi og má því búast við fjölbreyttum og óvenjulegum tónleikum.

Hljómsveit Nigels Kennedys er skipuð átta tónlistarmönnum sem leika á fjögur rafmögnuð strengjahljóðfæri, tvær fiðlur, lágfiðlu og selló, tvo kassagítara, bassa og trommur. Meðal þeirra sem leika með Kennedy eru sellóleikarinn



Nigel Kennedy leikur á lokatónleikum Listahátíðar í Hafnarfirði í kvöld.

Caroline Dale, víóluleikarinn Bill Hawkes, gítarleikararnir John Etheridge og Sagat Guirey.

MENNING/LISTIR

Myndlist

Myndlistarsýningu frá Hvítarússlandi að ljúka

Um næstu helgi lýkur í MÍR-salnum, Vatnsstíg 10, sýningu hvítrússneska listamannsins Arlens Kashkúrevitsj. Á sýningu þessari eru um 50 svartlistarmyndir, pennateikningar, steinþrykk og „au forte"-myndir, m.a. 13 tilbrigði við „Fást" eftir Goethe, myndskreytingar við Ljóðaljóðin, Eddukvæði hin fornu og ljóð hvítrússneska skáldsins Janka Kupala, einnig myndaraðirnar „Borgarlífið" og „Umsátur". Þá eru á sýningunni gamlar myndir listamannsins við skáldsögu Halldórs Laxness „Atómstöðina".

Arlen Kashkúrevitsj hefur dvalist hér á landi undanfarnar vikur í boði Félagsins MÍR ásamt konu sinni, Ljúdmillu. Hún sýnir handprjónuð leikföng og blómakort á sýningu eiginmanns síns í MÍR-salnum.

Sýningin á Vatnsstíg 10 er opin næstu virku daga kl. 17-18.30, en á laugardag 3. júlí og sunnudag 4. júlí kl. 14-18 og er þá lokið. Aðgangur er ókeypis.

Síðasti sýningardagur hjá Björgu í Gallerí Úmbru



Björg Atla.

Sýning Bjargar Atla í Gallerí Úmbru á Bernhöftstorfu lýkur í dag, miðvikudag. Á sýningunni, sem Björg kallar Svart á hvítu, eru 17 myndir málaðar með svörtum akrýllit á hvítan, sendinn grunn. Sýningin er opin frá kl. 13-18.

Bókmenntahátíð í Molde

Víðkunnir höfundar frá mörgum löndum


ALÞJÓÐLEGA bókmenntahátíðin í Molde í Noregi verður haldin 4. - 11. júlí. Hátíðin er sú stærsta sinnar tegundar í Noregi. Upphaflega var gert ráð fyrir að hátíðin yrði haldin annað hvert ár, en að sögn framkvæmdastjóra hátíðarinnar, Knut Ødegård skálds, þótti hátíðin í fyrra takast svo vel að ákveðið var að verða við óskum um að gera hátíðina að árlegum viðburði.

Margir norskir höfundar og fyrirlesarar koma fram á bókmenntahátíðinni í Molde, meðal þeirra Rolf Jacobsen og Herbjörg Wassmo. Fulltrúi Íslands verður Matthías Johannessen og meðal annarra erlendra höfunda verða Bandaríkjamaðurinn Gore Vidal, Fay Weldon frá Englandi, Juliana Berlinguer frá Ítalíu, Josef Michl frá Slóvakíu, Mateja Matevski frá Makedoníu, Justo Jorge Padrón frá Spáni, Antti Tuuri frá Finnlandi, Göran Tunström frá Svíþjóð, Vita Andersen frá Danmörku og Lydia Didriksen frá Færeyjum.

Knut Ødegård sagði í samtali við blaðið að bókmenntahátíðin hefði þróast í þá átt að verða enn alþjóðlegri. Víðkunnir erlendir rithöfundar sæktu hátíðina heim og nokkrir af fremstu höfundum Norðurlanda væru meðal þátttakenda.

Málarinn Sigrid Undset

Fyrirlestrar eru yfirleitt fyrri hluta dags, en á kvöldin eru dagskrár með upplestri höfunda. Ødegård gat þess að meðal þess sem athygli hlyti að vekja væri sýning á 42 vatnslitamyndum eftir Sigrid Undset sem ekki hefðu verið sýndar áður. „Á yngri árum var henni ráðlagt að gera eitthvað annað en skrifa, verk þessa væntanlega Nóbelshöfundar þóttu ekki efnileg", sagði



Knut Ødegård

Knut Ødegård, „og þá fór hún að mála í staðinn."

Sterk bókmenntahefð í Molde


Bókmenntahátíðin er eins og fyrr helguð minningu Björnstjerne Björnson og kennd við hann. „Bókmenntahefðin er mjög sterk í Molde", sagði Knut Ødegård, „Ibsen bjó hér á tímabili og skrifaði þá meðal annars Rosmersholm og Fruen fra havet. Alexander Kielland var amtmaður hér og Björnson kom eins oft og hann gat, en hann bjó í nágrenninu. Hér hittust þeir allir þrír og borðuðu saman ríkulegar máltíðir og við ætlum að líkja eftir einni slíkri veislu."

Knut Ødegård er nýkominn frá Orkneyjum þar sem hann las úr verkum sínum sem heiðursgestur á Hátíð heilags Magnúsar sem jafnan er haldin í júní og þykir viðburður á Bretlandseyjum.

Kjarvalsstaðir

Leitað að verkum Gunnlaugs Blöndals

KJARVALSSTAÐIR munu standa fyrir yfirlitssýningu á verkum Gunnlaugs Blöndal í haust á 100. ártíð listamannsins, en hann fæddist árið 1893 og lést 1962. Er þetta stærsta sýning á verkum listamannsins sem haldin hefur verið sl. 30 ár. Þorri Hringsson, upplýsingafulltrúi Kjarvalsstaða, segir að stefnt sé að því að sýna 40-50 af merkustu verkum Gunnlaugs, en til að það megi takast verði að rekja slóð þeirra verka sem eru skrásett en ekki vitað um eigendur að.



Gunnlaugur Blöndal

„Ástæðan fyrir því að við höfum ekki yfirlitssýningu í tímaröð verkanna er sú að við viljum reyna að sýna almenningi það besta sem Gunnlaugur málaði," segir Þorri, „en hann málaði gjarnan landslag, þjóðlífsmyndir, hafnarstemmningar og módel í n.k. seríum og við viljum sýna bestu útgáfuna af hverju myndefni."

Að sögn Þorra vantar á annan tug verka til að það mark náist sem Kjarvalsstaðir setji sér varðandi gæði og umfang sýningarinnar. „Við vitum af tilvist margra mynda hérlendis, t.d. þær myndir sem sýndar eru í bók þeirri sem Helgafell gaf út árið 1963, en getum ekki fundið eigendur þeirra. Stafar það bæði af því að önnur eða þriðja kynslóð erfingja hefur eignast verkin, en einnig vegna þess að ör eigendaskipti hafa orðið á myndum Gunnlaugs síðustu áratugi og erfitt að rekja slóð þeirra til dagsins í dag."

Kjarvalsstaðir biðja þá sem eiga myndir eftir Gunnlaug Blöndal, eða hafa vitneskju um verk hans, að hafa vinsamlega samband við safnið svo unnt sé að safna saman úrvali þeirra á yfirlitssýninguna í haust.

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
Herrasandalar
Verð kr.
2.995
EKTA LEÐUR

Stærðir: 40-46
Litur: Brúnn
Ath.: Mjög breiðir og með góðu innleggi
PÓSTSENDUM SAMDÆGURS · 5% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR
Domus Medica, Egilsgötu 3, sími 18519
Kringlunni, Kringlunni 8-12, sími 689212
Toppskórinn, Veltusundi, sími 21212.